



Ársskýrsla Skátafélagsins Vífils Starfsárið 2015



Skátafélagið Vífill
Jötunheimum
Bæjarbraut 7
210 Garðabæ

Sími 565 8820, 565 8989

Netfang: vifill@vifill.is

Veffang: www.vifill.is

2016/febrúar

Ábyrgð: Stjórn skátafélagsins Vífils

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1 Stjórn, starfsmenn og foringjar	6
1.1 Stjórn og starfsmenn.....	6
1.2 Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar	7
1.3 Fararstjórn á skátamót.....	9
1.4 Sumarnámskeið	9
2 Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG	11
2.1 Samningur um skátastarf í Garðabæ	11
2.2 Skátafélag á réttri leið	11
2.3 Samstarf við HSG.....	12
3 Skátastarf.....	12
3.1 Fjöldi skáta.....	12
3.2 Bakland	16
3.3 Húsnæði og búnaður.....	16
3.4 Dagbók Vífils 2015	18
3.5 Heimsmót skáta í Japan	25
3.6 Heimsókn til Devon.....	26
4 Skýrslur skátasveita	27
4.1 Drekkaskátar 7-9 ára.....	27
4.2 Fálkaskátar 10-12 ára	28
4.3 Dróttaskátar 13-15 ára – DS. Rúbix	30
4.4 Rekkaskátasveitin RS. Islandus	31
4.5 Róverskátar RS. Föenix 19-22 ára.....	32
5 Skýrslur fastanefnda	33
5.1 Húsnefnd	33
5.2 Skálanefnd	37
5.3 Fræðslu- og kynningarráð	37
6 Sumarstarf Vífils	38

Inngangur

Skátafélagið Vífill í Garðabæ var stofnað 20. apríl 1967. Félagið er nú á fertugasta og níunda starfsárinu og fagnar stórafmæli á sumardaginn fyrsta árið 2017.

Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Skátastarfið fer fram í eigin húsnæði, Jötunheimum að Bæjarbraut 7. Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk.

Árið 2015 var fjórtánda starfsár félagsins samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ. Samningurinn kveður á um áherslur í skátastarfi í bænum. Ársskýrslan er aðlöguð þessum samningi við Garðabæ þar sem m.a. kveðið er á um að fram komi nákvæmar tölur um fjölda þátttakenda í skátastarfi. Skýrslan skýrir, eins og áður, frá starfi almanaksársins, hverjir voru foringjar og aðrir verkefnastjórar.

Ef litið er til baka yfir árið ber það hæst að útgáfu fermingarblaðsins var hætt. Miðað við umfang verkefnisins og stöðuna á auglýsingamarkaðnum var sú ákvörðun tekin. Fjölmarginir skátar fóru á skátamót erlendis, alheimsmót og skátamót í Devon. Undirbúningur viðbyggingar fyrir lyftuhús hefur staðið yfir. Skálamálin fóru vel af stað sl. vor en síðan hefur ekkert gerst. Umhverfi Vífilsbúðar hefur breyst mikið og erfiðara verður með hverju árinu að komast að skálanum. Því miður hefur orðið fækkun í skátasveitum en eldri hóparnir halda sér að mestu. Fjölgun hefur orðið í dreka- og fálkaskátasveitunum auk þess sem rekkasveitin heldur sér. Foringjastöður eru vel mannaðar og almennt gengur starfið mjög vel. Sumarnámskeiðin tókust afar vel og voru fjölmenn.

1 Stjórn, starfsmenn og foringjar

1.1 Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn Vífils tók til starfa eftir aðalfund félagsins, sem haldinn var 5. mars 2015. Hjálmar Hinz og Unnsteinn Jóhannsson létu af störfum og í þeirra stað komu Dögg Gísladóttir og Thelma Rún van Erven. Að öðru leyti varð ekki breyting á stjórn félagsins. Stjórnin fundaði 11 sinnum á árinu 2015.



Stjórn:

Félagsforingi	Hafdís Bára Kristmundsdóttir
Aðstoðarfélagsforingi	Hildur Hafsteinsdóttir
Gjaldkeri	Guðbjörg Þórðardóttir
Ritari	Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
Meðstjórnandi	Andri Gunnarsson
Meðstjórnandi	Dögg Gísladóttir
Meðstjórnandi	Thelma Rún van Erven
Starfsmenn:	Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir skrifstofa til júní 2015 Hervald Rúnar Gíslason skrifstofa frá ágúst 2015 Jóhanna Þorgrímsdóttir ræstingar og umsjón með sal.
Endurskoðendur:	Björn Hilmarsson Karl Rúnar Þórsson
Umsjónarmaður fasteigna	Brynjar Hólm Bjarnason
Formaður húsfélags Húsnefnd:	Björn Hilmarsson Jóhann S. Erlendsson Sverrir Magnússon
Skálanefnd:	Húsnefndarmenn sinntu skálanum ásamt baklandi
Fræðslu- og kynningarráð:	Var ekki starfandi þetta ár
Innleiðingarforingi:	Var ekki starfandi þetta ár

1.2 Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar

Vífill býr að sterkum hópi foringja og aðstoðarforingja sem margir hverjir hafa verið virkir skátar frá barnsaldri. Sveitarforingjar voru alls 13 og uppfylltu allir reglugerð um hæfi sveitarforingja. Aðstoðarsveitarforingjar voru alls 8 og nokkrir þeirra skipa nú stöður sveitarforingja. Foringjar eru á aldrinum 17 – 51 árs og sjö þeirra eru eldri en 20 ára. Ánægjulegt er að margir foringjar hafa gegnt stöðum sínum um nokkurra ára skeið og skapar það stöðugleika. Foringjar þiggja ekki laun fyrir starf sitt en félagið færir þeim jólagjöf og sumargjöf fyrir vel unnin störf. Þeir greiða ekki félagsgjöld. Sveitarforingjar fá merktar peysur og stálbolla með nafni sínu og félagsins. Félagið greiðir einnig námskeiðsgjöld fyrir foringja. Foringjaráð fundar einu sinni í mánuði undir stjórn aðstoðarfélagsforingja og starfsmanns.



Ávallt viðbúnir

Stöður sveitarförlingja og aðstoðarsveitarförlingja voru svo skipaðar árið 2015:

Sveitarförlingjar vor 2015

Unnsteinn Jóhannsson
Urður Björg Gísladóttir
Jón Egill Hafsteinsson
Fanndís Eva Friðriksdóttir
Hjördís Þóra Elíasdóttir
Eva Lára Einarsdóttir
Snorri Magnús Elefsen
Eyrún Ósk Stefánsdóttir
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir
Ingólfur Árnason
Atli Bachmann
Magnús Jökull Traustason
Ólafur Patrick Ólafsson

Aðstoðarsveitarförlingjar vor 2015

Laufey Sverrisdóttir
Christa Hörpudóttir
Halldór Fannar Sveinsson
Kristín Helga Sigurðardóttir
Stefán Gunnarsson
Freyr Þorvaldsson
Erik Hafþór Pálsson Hillers

Sveitarförlingjar haust 2015

Arnar Páll Jóhannsson
Atli Bachmann
Christa Hörpudóttir
Eva Lára Einarsdóttir
Fanndís Eva Friðriksdóttir
Halldór Fannar Sveinsson
Hjördís Þóra Elíasdóttir
Jón Egill Hafsteinsson
Magnús Jökull Traustason
Ólafur Patrick Ólafsson
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir

Aðstoðarsveitarförlingjar haust 2015

Arnar Breki Eyjólfsson
Birna Guðmundsdóttir
Guðbjörg Sveinsdóttir
Hjalti Rafn Sveinsson
Huldar Hlynsson
Kristín Helga Sigurðardóttir
Kristján Andri Gunnarsson
Kristín Ósk Sævarsdóttir

1.3 Fararstjórn á skátamót

Drekaskátamót:	Jón Egill Hafsteinsson
Hraunbúamót:	Eva Lára Einarsdóttir Stefán Gunnarsson
Landnemamót í Viðey:	Salbjörg Sverrisdóttir Arnar Páll Jóhannsson Jón Egill Hafsteinsson
Skátamót í Devon	Atli Bachmann Vigdís Agnarsdóttir
Alheimsmót í Japan	Guðrún Þórey Sigurbjörnsd.

1.4 Sumarnámskeið

Umsjón sumarnámskeiða Vífils:	Hervald Rúnar Gíslason Thelma Rún van Erven Kristín Ósk Sævarsóttir
Sumarstarfsmenn úr bæjarvinnu:	Sumarstarfsmenn úr Vinnuskóla:
Arnar Breki Eyjólfsson	Ástrós Erla Guðlaugsdóttir
Arnar Páll Jóhannsson	Bergþóra Karlsdóttir
Bjarki Steinn Þórisson	Birna Guðmundsdóttir
Chantal Ösp van Erven	Garðar Valur Hauksson
Eiríkur Egill Gíslason	Guðrún Ísabella Kjartansd.
Erik Hafþór Pálsson Hillers	Markús Már Halldórsson
Halldór Örn Blöndal	Renata Birna Einarsdóttir
Huldar Hlynsson	Sóley Björk Þorsteinsdóttir
Jónas Rafnar Jónsson	Snædís Agla Baldvinsdóttir
Kristín Helga Sigurðardóttir	
Kristján Andri Gunnarsson	
Natalía Ýr Hjaltadóttir	
Oddný Helga Einarsdóttir	
Óskar Ingólfsson	
Sara Ósk Þorsteinsdóttir	
Stefán Gunnarsson	
Tryggvi Kalman Jónsson	
Þorsteinn Ingi Júlíusson	
Þóri Björn Guðjónsson	



Síkátir sumarstarfsmenn

2 Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG

2.1 Samningur um skátastarf í Garðabæ

Í júní 2014 var undirritaður samstarfssamningur við Garðabæ sem gildir til ársins 2017 eða í þrjú ár. Samningnum er þó hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara og skal endurskoðaður við undirbúning fjárhagsáætlunar hvers árs. Í samningnum er kveðið á um hlutverk félagsins, ramma um starfið, menntun og fræðslu til leiðbeinenda auk þess að félagið uppfylli gæðaviðmið BÍS. Sérstaklega er getið þeirra föstu verkefna sem félagið sér um fyrir bæinn s.s. dagskrár á sumardaginn fyrsta, sumarnámskeiða og samkvæmt þessum samningi, hátíðahöldin á 17. júní hvert ár. Áður var auglýst eftir umsjón með hátíðarhöldunum og félagið sótti þá um að sjá um dagskrána. Árlegur styrkur til félagsins er samkvæmt samningnum 9.400.000. Það eru um 63.000 kr. á starfandi skáta. Auk þess fær félagið, ásamt HSG, styrk í formi niðurfellingar fasteignagjalda. Bæjarstjóri og félagsforingi undirrituðu samninginn fyrir hönd félagsins 12. júní 2014.

2.2 Skátafélag á réttri leið

Á árinu tók Vífill á móti gæðaviðurkenningunni *Á réttri leið* í þriðja sinn. Athöfnin fór fram á sumardaginn fyrsta í skátamessu í Vídalínskirkju. Skátahöfðingi sá um afhendinguna. Gæðahandbókin var öll endurunnninn og vann félagsráð þá vinnu á vinnufundi. Stjórnin tók vinnuna saman og gekk frá handbókinni sem er mjög gagnleg bæði fyrir þá sem starfa innan félagsins og þeirra sem vilja kynna sér skátastarfið í Vífli. Gæðahandbókin er endurnýjuð árlega og á að endurspegla vinnuferla og skipulag starfsins hverju sinni. Viðurkenningin gildir í tvö ár og því þarf að sækja um endurnýjun á afmælisárinu 2017. Félagið varð fyrst íslenskra skátafélaga til þess að hljóta viðurkenninguna árið 2006. Til að hljóta viðurkenninguna þurfa skátafélög að uppfylla tilteknar gæðakröfur sem ná m.a. til skipulags og starfs félagsins, fjármála, fræðslumála og fleiri þátta.

Gæðaviðurkenningin var endurnýjuð 15. júní 2011. Var Vífill áfram í fararbroddi í gæðastarfi og fyrst til þess að fá viðurkenninguna í annað sinn. Viðurkenningin gildir almennt í tvö ár. Gæðahandbók félagsins er aðgengileg á vef félagsins <http://vifill.is/um-felagi%c3%b0/a-rettri-lei%c3%b0/>



„Á réttri leið“

2.3 Samstarf við HSG

Húsið Jötunheimar við Bæjarbraut hýsir bæði skátafélagið Vífil og Hjálparsveit skáta í Garðabæ (HSG) og hefur sambúð þeirra verið farsæl og samstarfið gott í gegnum árin. Samstarf félaganna felst m.a. í afnotum af húsnæði og búnaði, HSG fær t.d. salinn lánaðan endurgjaldslaust fyrir fundi. HSG hefur einnig afnot af sal og húsnæði Vífils yfir jóla og áramót vegna flugeldasölu. Öryggis vegna eru önnur afnot ekki leyfð á meðan á því stendur.

3 Skátastarf

Skátafélagið Vífill er aðili að Bandalagi íslenskra skáta og starfar skv. meginmarkmiði skátahreyfingarinnar að því að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Rúm 100 ár eru síðan skátastarf hófst í heiminum og nú eru um 30 milljónir skáta starfandi innan vébanda skátahreyfingarinnar í meira en 200 þjóðríkjum. Skátar á Íslandi munu vera tæplega 3000.

Félagsgjald er 30.000 og er innheimt tvisvar sinnum. Ef fólk vill greiða það í einu lagi þá er það ekki vandamál. Gjaldið hefur ekki hækkað í nokkur ár. Innifalið í félagsgjaldinu er allur kostnaður við fundi og styttri ferðir. Niðurgreiðsla er á útilegum og allir fá skátaklúta og merki. Skátabúning þurfa skátarnir sjálfir að útvega og eru þau yngri í bolum og peysum sem seldar eru á vægu verði á skrifstofu félagsins. Dróttskátar og eldri eru í skyrtum sem þeir kaupa sjálfir hjá BÍS.



Dásamlegir drekaskátar


3.1 Fjöldi skáta

Í árslok 2015 voru 95 starfandi skátar á aldrinum 7 til 22 ára í Vífli. Það er fækkun frá fyrra ári um tíu skáta. Tekist hefur að halda inni stórum hópi skáta sem nú eru á aldrinum 16-22 ára og farið er að fjölga aftur í yngsta hópnum. Til þess að tryggja gott skátastarf fyrir yngri skáta er nauðsynlegt að búa að góðum hópi reyntra skáta og foringja. Ekki vilja allir eldri skátar vera foringjar og því er líka mikilvægt að bjóða upp á áhugavert og krefjandi skátastarf fyrir þann aldurshóp svo og fullorðna sem svo geta aðstoðað við stærri og flóknari viðburði.

Fjöldatölur skáta eru fjöldi skátaskírteina sem gefin voru út vegna starfsársins 2015-2016. Alls voru gefin út 149 skírteini til félagsmanna Vífils og voru 73 þeirra vegna skáta á grunnskólaaldri eða frá 7-15 ára aldri og 30 vegna skáta á aldrinum 16-22 ára. Í eftirfarandi töflu má sjá fjöldatölur frá árinu 2010, annars vegar skáta á skátaaldrinum 7 – 22 ára og svo heildartölu að viðbættum skátum 23 ára og eldri. Yngstu skátunum fjölga og í öðrum sveitum hafa tölur fæst til vegna þess að skátar ganga upp í næsta aldurshóp. Því miður þá eru ekki allir skráðir sem starfa með félaginu og á það helst við um elstu aldurshópina. Hver og einn þarf að skrá sig inn í ágústmánuði á hverju ári og nokkur misbrestur er á því. Enn fremur er ekki hægt að vera skráður í meira en eitt félag en dæmi eru um að skátar úr Vífli starfi með öðrum félögum og er því skráðir þar þrátt fyrir að halda tryggð við félagið sitt.


Fjöldi skáta í Vífli frá árinu 2010-2015

Árið	7 – 22 ára	Alls í félaginu
2015	95	149
2014	115	141
2013	84	113
2012	75	98
2011	110	142
2010	99	123



Fjöldi í hverri sveit


Skátasveit	Aldurshópur	Fjöldi 2015	Fjöldi 2014
Drekaskátar	7-9 ára	20	16
Fálkaskátar	10-12 ára	35	41
Dróttaskátar	13-15 ára	18	24
Rekkaskátar	16-18 ára	12	27
Róverskátar	19-22 ára	10	6
Bakland	23 +	20	28



Fjölgun skáta í Vífli er viðvarandi verkefni fyrir félagið. Ekki hefur verið farið markvisst í það að fjölga félögum. Hvert ár er nokkur hópur barna sem kemur og fer og er það áskorun að halda í þann hóp. Sóknarfæri eru þó nokkur, sér í lagi þegar haft er í huga að sumarnámskeið Vífils njóta síaukinna vinsælda. Þá þarf að gæta sérstaklega að skátum 15 ára og eldri, en reynslan hefur sýnt að margir heltast úr lestinni við upphaf framhaldsskóla ef ekki er gætt að því að þeim séu fengin áhugaverð verkefni við hæfi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá aldursdreifingu skátanna í félaginu.

Stúlkur og konur eru fleiri en drengir og karlar í félaginu. Kynjahlutfjöll eru misjöfn í sveitunum. Í dreka- og dróttaskátasveitunum eru stúlkur í miklum meirihluta. Jafnari skipting er í fálka-, rekka- og róversveitum. Konur eru líklega duglegri við að skrá sig í félagatalið því þær eru í meirihluta þeirra sem eru í baklandinu.

Skipting skáta eftir kyni



Foringjar og aðstoðarforingjar Vífils eru um 20-25 og á aldrinum 17-51 ára. Skátafélagið reynir eftir megni að huga vel að foringjum, baklandi og stjórn, sem eru einstaklingar sem taka að sér ýmis konar verkefni í sjálfböðavinnu. Vífill hefur m.a. haft það fyrir sið að bjóða virkum aðilum úr þessum hópi foringja og baklands á nokkra viðburði yfir árið sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf og til þess að hrista hópinn enn betur saman.



Öflug baklandssveit

3.2 Bakland

Vífill getur státað af sterku baklandi sem samanstendur af eldri skátum, foreldrum og öðrum velunnurum félagsins. Á póstlista baklandsins eru um 40 manns sem eru misvirkir. Segja má að um 20 manna hópur sé alltaf til staðar og sinni stærstu verkefnunum með stjórn og foringjum. Baklandið kemur að ýmsum verkefnum og dagskrárliðum félagsins svo sem félagsútilegu, hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta og 17. júní, skátamótum, umsjón og viðhaldi á húseignum auk ýmissa tilfallandi verkefna. Svokölluð þrónakvöld eru haldin reglulega og er mæting þangað ágæt. Reglulega eru haldnir svokallaðir TTH fundir (Tiltektarhátíðir), þar sem bakland ásamt foringjum og stjórn hittist til að vinna að ýmsum endurbótum og viðhaldi á félagsheimili og skála Vífils. Umsjón og tengsl við baklandið eru í höndum stjórnar. Virkustu baklandsliðunum er boðið í jóla kvöldverð og hafa þeir einnig fengið að gjöf stálkaffibolla með merki félagsins. Nánar er fjallað um verkefni og afrek baklandsins í skýrslu húsnefndar á bls. 36.



Ný kynslóð í eldhúsinu

3.3 Húsnaði og búnaður

Skátafélagið Vífill hefur aðstöðu í eigin húsnaði, Jötunheimum, að Bæjarbraut 7. Húsið er tæplega 1.000 fm að stærð og er um helmingur þess í eigu Vífils en hinn helmingurinn er í eigu Hjálparsveitar skáta í Garðabæ. Útikennslusvæðið eða *Skátagarðurinn* við hlið Jötunheima hefur verið vel nýttur í starfinu. Svæðið býður upp á mikla möguleika til leikja og starfa. Hægt er að kveikja eld, sitja í varðeldalaut, klifra í trjánum, fara í ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Miklar vonir eru bundnar við frekari framkvæmdir á svæðinu sem munu auka enn á möguleikanna til útíllfs. Því miður hefur svæðinu verið lítið sinnt af hálfu garðyrkjudeildar bæjarins sl. sumar og framkvæmdum er ekki lokið. Brýnt er að fara í viðhald og bæta umhirðu svo garðurinn fari ekki í órækt.

Útíllf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima, og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk. Unnið hefur verið að því að finna nýja staðsetningu fyrir útíllfsmiðstöð skáta í Heiðmörk og hefur nokkuð áunnist. Verkefnið helst nú í hendur við deiliskipulag Heiðmerkur og er í skoðun að byggja skálann og útivistarsvæðið við Grunnvötn.

Farnar voru vettvangsferðir til þess að skoða svæðið og skilaði félagið inn niðurstöðu og sitt val. Síðan þá eða í maí hefur því miður ekkert gerst í þeim málum.

Miklar framkvæmdir hafa verið undanfarið á svæði Oddfellow við Vífilsbúð og golfvöllinn og hefur mikið af jarðvegi verið komið fyrir í nágrenni skálans og heftir það aðgengi að honum. Ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur á notkun hans. Lágmarksviðhaldi hefur verið sinnt í skálanum af húsnefnd og þá einkum eftir athugasemdir *Eldvarnaeftirlitsins*. Vegurinn að skálanum er reyndar orðinn illfær og grýttur svo það er forgangsverkefni að vinna að umbótum á honum. Skálinn er mest notaður af félagsmönnum en eitthvað er um útleigu en vatnsleysi og léleg salernisaðstaða hamlar útleigu á skálanum og þar með tekjumöguleikum.

Bifreið félagsins var endurnýjuð sl. sumar enda nauðsynlegt að hafa bifreið á sumarnámskeiðum og í flutninga á skátum og búnaði. Starfsmaður hefur yfirumsjón með bifreiðinni og eru húsnefndarmenn duglegir við viðhald á honum.

Í Jötunheimum fer fram meira en starfsemi skáta og HSG, þar hittast m.a. meðlimir tveggja Rotarýklúbba og *Aglow*. Þá hafa Radióskátar aðsetur í húsinu. Þar er einnig vel búinn veislusalur sem hentar vel til hvers kyns funda- og veisluhalds. Salurinn er fullbúinn með borðum og stólum fyrir allt að 100 manns og borðbúnaði fyrir 150 manns. Salurinn er útbúinn hljóðkerfi, skjávarpa og tölvu. Hægt er að leigja salinn jafnt að degi til og á kvöldin en um helgar verður veislum að vera lokið á miðnætti. Salurinn hefur ekki verið mikið í útleigu enda rammi um kvöldleigu stífur. Nú er svo komið að fara þarf í viðgerðir á gaffli hússins og verður það gert eins skjótt og auðið er.

Undirbúningur viðbyggingar hefur staðið yfir í bráðum þrjú ár. Byggja á lyftuhús og nýtt anddyri ásamt geymslu við húsið. Arkitekt hússins var fenginn til verksins en illa gekk að fá teikningar frá honum. Eftir mikið basl, bréfaskriftir og heimsóknir var ljóst að ekki fengjust teikningar frá honum. Leitað var til annars arkitekts sem lauk verkinu og voru teikningar lagðar fyrir byggingarnefnd í árslok. Þær þurfti að endurvinnna og breyta vegna athugasemda og eru nú til umfjöllunar hjá byggingarfulltrúa. Framkvæmdir geta vonandi hafist um miðjan ágúst ef allt gengur eftir.



Byggingaframkvæmdir



3.4 Dagbók Vífils 2015

JANÚAR

Þrettándagleði

Á þrettándanum var aftakaveður og ekki hundi út sigandi. Brugðið var á það ráð að hafa kvöldvöku í salnum í staðinn. Fenginn var reyndur gítarleikari og kvöldvökustjórnandi og tókst viðburðurinn með afbrigðum vel. Mæting var mjög góð, þrátt fyrir veðrið og tóku allir vel undir í söngnum. Frábær skemmtiatriði voru flutt og átti fullorðna fólkið skemmtilega endurkomu á leiksviðið. Að loknum söngnum fengum allir rjúkandi heitt kakó og nýsteiktar kleinur.

Félagsráðsfundur

Haldinn var skipulags og vinnufundur í byrjun janúar. Foringjar skipulögðu starfið til vors og tóku til hendinni í húsinu.

FEBRÚAR

19. febrúar var haldinn fundur félagsráðs og rekkaskáta. Skipt var í hópa og lesið í gegn um gæðahandbókina, gerðar endurbætur og athugasemdir.

MARS

Drekaskátadagurinn

1. mars var drekaskátadagurinn haldinn í Garðabæ í umsjá skáta úr Vífli. Drekaskátadagurinn er árlegur viðburður á vegum BÍS. Þátttaka var góð og dagurinn vel heppnaður.



Vígsluathöfn drekaskáta

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 5. mars sl. Fundarstjóri var Páll Hilmarsson. Hjálmar Hinz og Unnsteinn Jóhannsson hættu í stjórn og komu Dögg Gísladóttir og Thelma Rún van Erven í þeirra stað. Karl Rúnar Þórsson og Björn Hilmarsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga. Sveitarforingjar fluttu skýrslur sveita auk hefðbundinna aðalfundarstarfa.



Aðalfundargestir

Skátaping 2015

Var haldið á Selfossi helgina 20. – 22. mars og var ágætis þátttaka frá Vífli eða átta fulltrúar. Þar var tekist á um ýmis málefni eins og venja er. Breyting á skátaheitinu var samþykkt. Breytingin felur það í sér að skátar geta valið á milli fjögurra orða eða hugtaka og þannig valið sér sitt eigið skátaheit. Nýja skátaheitið hljóðar svo:

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess; að gera skyldu mína við guð/samvisku og ættjörðina/samfélag, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin

APRÍL

Sumardagurinn fyrsti

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta í Garðabæ líkt og verið hefur í áratugi. Skátarnir tóku virkan þátt í guðspjónustu dagsins. Ræðumaður var Bragi Björnsson skátahöfðingi. Hann afhendir gæðavirðukenningu BÍS í þriðja sinn eins og áður hefur komið fram. Að messu lokinni fór skrudganga frá Vídalínskirkju að Hofstaðaskóla þar sem fólk gat tekið þátt í skemmtilegri dagskrá og keypt sér veitingar á kaffihlaðborði Vífils. Umsjónarmenn dagskrár voru Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir og Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir.

Í skátamessunni voru afhent heiðursmerki. *Skátaliljuna úr silfri* fengu þau Arnar Páll Jóhannsson, Eva Lára Einarsdóttir, Fanndís Eva Friðriksdóttir, Halldór Fannar Sveinsson, Hjördís Þóra Elíasdóttir, Jón Egill Hafsteinsson, Stefán Gunnarsson, Urður Björg Gísladóttir og Snorri Magnús Elefsen. *Þórshamar úr bronsi* fengu Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir, Guðbjörg Þórðardóttir og Þuríður Ellisif Baldursdóttir.

Veitt voru áramerki eða starfsmarki skátahreyfingarinnar, þeim skátum sem starfað hafa í 5, 10, 15 og 25 ár. 5 ára merki fengu fjórir skátar, 10 ára merki fengu fjórir skátar og 15 ára merki fengu tveir skátar.

Sérstök viðurkenning var veitt tveimur aðstoðarsveitarforingjum sem hafa sýnt framúrskarandi foringjastarf. Það voru þau Erik Hafþór Hillers og Kristín Helga Sigurðardóttir.

Sirkus Íslands kom og skemmti bæjarbúum á sviði við Hofsstaðaskóla og lék Blásarasveit tónlistarskólans nokkur lög í upphafi skemmtidagskrárinnar. Ýmislegt var í boði á útisvæði fyrir börnin t.d. veltibíllinn, hoppukastalar, kassaklifur, poppkornsgerð og sykarpúðagrill yfir opnum eldi. Fjölmargir komu í ljúffengt kökuhlaðborð. Dagurinn gekk mjög vel í alla staði þökk sé frábærum skátum sem tóku þátt í að gera daginn eftirminnilegan fyrir bæjarbúa.

MAÍ

Hreinsunarátak Garðabæjar

Gerð var breyting á árlegum hreinsunardegi í samstarfi við umhverfisnefnd bæjarins og var nú höfð sérstök hreinsunarlöng, 4. – 7. maí þar sem hver sveit fékk ákveðið svæði til þess að hreinsa. Þar með var hreinsunin orðin að verkefni sveitarinnar. Til þess að gera verkefnið áhugaverðara var efnt til keppni. Skátarnir stóðu sig með eindæmum vel við að hreinsa nærumhverfið og var samkeppnin hörð á milli sveita um mesta ruslið, skrítnasta ruslið og gulasta ruslið. Skáti er náttúruvinur og samrýmist þetta verkefni því markmiði vel. Að verki loknu var grillað og slegið á léttu strengi að skátasið.

Gilwell

Í maílok luku sjö skátar Gilwell þjálfun, þriðja, fjórða og fimmta skrefi og útskrifuðust með brúna klútin. Það voru þau: Fanndís Eva Friðriksdóttir, Hjördís Eva Elíasdóttir, Jón Egill Hafsteinsson, Halldór Fannar Sveinsson, Arnar Páll Jóhannsson, Snorri Magnús Elefsen og Urður Björg Gísladóttir. Félagið styrkti þau á námskeiðin og hafa þau skuldbundið sig til þess að starfa áfram með félaginu.



JÚNÍ

Foringjafjör

Foringjafjör var haldið í byrjun júní. Stór hópur foringja og baklandsliða mætti í Jötunheima og settist upp í rútu án þess að vita hvert ferðinni væri heitið. Ekið var í Hveragerði og þar snæddar ljúffengar flatbökur. Að máltíð lokinni tóku við margvíslegar þrautir sem reyndu á ýmsa hæfni skátanna, viðbragðsflýti og samvinnu. Hápunkturinn var að renna sér í aparólu yfir Reykjafoss. Einungis þeir hugrökkustu þorðu því og sáu alls ekki eftir að hafa reynt. Ferðin og samveran var góður endir á skemmtilegu vetrarstarfi.



Með allt á hreinu

JÚNÍ

Drekaskátamót

Fyrstu helgina í júní var haldið drekaskátamót á Úlfjótuvatni. Voru það áhugasamir drekaskátar úr Vífli sem mættu á mótið ásamt foringjum undir stjórn Jóns Egils. Gist var eina nótt í tjaldi og tekist á við spennandi verkefni á laugardeginum. Drekaskátarnir voru alsælir með mótið og komu þreyttir heim á sunnudeginum.

Hraunbúamót

Tíu fálkaskátar undir stjórn Evu Láru og Stefáns fóru á Hraunbúamót í Krísvík og skemmtu sér mjög vel. Mótið hentar einkar vel fyrir fálkaskáta og verður án efa fastur liður og endapunktur í vetrarstarfinu þeirra.

Sumarnámskeið

Sumarnámskeið Vífils hófu göngu sína 15. júní en starfsmenn mættu til undirbúningsvinnu um viku fyrr og hófst undirbúningurinn á tiltekt í húsinu, farið var yfir búnað og pantað inn það sem þurfti. Sumarstarfsmenn sóttu námskeið á vegum BÍS. Nánar er fjallað um sumarnámskeiðin í kafla 6.

17. júní

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á 17. júní í Garðabæ líkt og mörg undanfarin ár og er verkefnið nú sérstakur liður í samstarfssamningi við Garðabæ. Markmið skátanna var

að venju að standa fyrir glæsilegri dagskrá, efla starfið inn á við og kynna á jákvæðan hátt stjórnun og starf félagsins gagnvart bæjarbúum og bæjaryfirvöldum.

Um morguninn gátu ungir sem aldnir m.a. prófað að sigla á kanó við ylströndina í Sjálandi og veitt sér til skemmtunar í Vífilsstaðavatni. Einnig var hægt að prófa golf, fara á hestbak og frítt var í sundlaugina á Álftanesi allan daginn. Um morguninn var formleg setning hátíðarhaldanna og barnadagskrá á Álftanesi í samstarfi við skátafélagið Svani. Þar stigu á svið Agla Bríet söngkona, skemmtikraftarnir Gunni og Felix og Latabær skemmti einnig. Seinna um daginn var skemmtidagskrá við Ásgarð, þar sem Evróvisionfarinn María Ólafs steig á svið ásamt Öldu Dís, Sollu Stirðu og íþróttaálfnum. Glæsileg fimleikasýning var í Ásgarði. Kynnar á sviði voru þeir Unnsteinn Jóhannsson og Sigurbjörn Ari Sigurbjörnsson. Hátíðarhöldin tókust vel. Þátttaka var mjög góð og betri en undanfarin ár. Inniaðstaða í Ásgarði kom að góðum notum svo og aðstaða í Garðaskóla.



Glæsileg fánaborg

Landnemamót í Viðey

Dagana 20.-23. júní hélt skátafélagið Landnemar árlegt skátamót í Viðey sem drótt- og rekkaskátar úr Vífli hafa jafnan sótt. Mótið þykir afar skemmtilegt og ekki spillir fyrir að fara siglandi á skátamót. Haldin er keppni í fótbolta og margrómað bryggjuball auk ýmissa skátaíþrótta. Fararstjóri var Salbjörg Kristín Sverrisdóttir og henni til aðstoðar voru Arnar Páll Jóhannsson og Jón Egill Hafsteinsson.

JÚLÍ

Heimsmót í Japan

Tólf skátar úr Vífli lögðu land undir fót og fóru alla leið til Japan á Heimsmót skáta, *World Scout Jamboree*. Mótið var haldið dagana 28. júlí til 8. ágúst. Skátarnir úr Garðabæ voru hluti af rúmlega áttatíu manna hópi Íslendinga sem sækja mótið. Aldur þátttakenda er 14 til 18 ára og geta þeir sem eldri eru farið sem starfsmenn en þeir eru um tíu þúsund. Fararstjóri hópsins var Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir sem hefur mikla reynslu af fararstjórn á skátamót bæði hér

heima og erlendis. Vala Dröfn Hauksdóttir var í starfsmannabúðum og Guðfinna Harðardóttir fór á mótið sem fulltrúi BÍS. Nánar er fjallað um mótið á bls. 24.



Flottir fulltrúar

Bretlandsferð

Sjö skátar úr Vífli ásamt þeim Atla Bachmann og Vigdís Björk Agnarsdóttur fóru í ævintýraferð á skátamót í Devon í Bretlandi 23. júlí til 8. ágúst. Alls vóru í hópnum 26 skátar og voru þeir úr Svönum, Fossbúum og Skátafélagi Borgarness. Skátar úr Vífli höfðu frumkvæði að ferðinni og stýrðu henni. Þau nýttu sér tengsl við skátafélag í Devon sem hefur sótt félagið heim og voru m.a. á Landsmóti skáta á Akureyri 2008 og 2014.

Hópurinn fór og heimsótti merka staði eins og Brownsea Island og Gilwell Park og átti viðburðaríka og ánægjulega daga. Nánar má lesa umfjöllun á bls. 25

SEPTEMBER

Félagsráðsfundur

6. september var haldinn fundur félagsráðs og vetrarstarfið skipulagt.

Skátafundir

Skátafundir hófust í vikunni 14. – 18. september. Ekki var farið í miklar auglýsingar en sent bréf til allra sem höfðu starfað áður með félaginu og einnig til allra 7 ára og eldri sem voru á sumarnámskeiðunum.

Gilwell

Fimm skátar hófu Gilwellþjálfun í haust. Það eru: Kristín Helga Sigurðardóttir, Christa Hörpudóttir, Erik Hafþór Pálsson Hillers, Salbjörg Kristín Sverrisdóttir og Gréta Björg Unnarsdóttir.

OKTÓBER

Félagsútilega var haldin 23. – 25. október í Vindáshlíð. Þema hennar var Sjóræningjar. Gréta Björg Unnarsdóttir sá um og stýrði dagskránni. Útilegan var vel sótt og voru þátttakendur 66. Á laugardeginum komu svo Drekaskátar í dagsferð og voru þá 78 skátar úr Vífli samankomnir. Drekarnir voru vígðir í metnaðarfullri vígsluathöfn. Útivera var stór þáttur í útilegunni og næturleikurinn æsispennandi. Stór hópur tók þátt í að sjá um matseldina. Vindáshlíð er mjög hentugt svæði fyrir þetta stóran hóp skáta. Skálinn er mjög snyrtilegur og rúmgóður. Útisvæðið er afar spennandi og býður upp á mikla möguleika.



Sjóræningjar

Forsetamerkið

Tíu vaskir skátar úr Vífli tóku við forsetamerkinu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum sunnudaginn 11. október sl. Alls tóku 22 skátar við merkinu að þessu sinni og var hópurinn frá Vífli fjölmennastur. Sveitarforinginn Atli Bachmann heldur utan um rekkaskátastarfið og hefur haldið vel utan um skátana og hvatt þá áfram með ráðum og dád. Forsetamerkishafarnir eru:

- Eiríkur Egill Gíslason
- Erik Hafþór Pálsson Hillers
- Eva Lára Einarsdóttir
- Hilmar Már Gunnlaugsson
- Hjalti Rafn Sveinsson
- Kristín Helga Sigurðardóttir
- Kristófer Lúðvíksson
- Sigurður Pétur Markússon
- Snorri Magnús Elefsen
- Stefán Gunnarsson

NÓVEMBER

Fálkaskátadagur

Fálkaskátadagurinn var haldinn 1. nóvember og var hann skemmtilegt viðbót við starfið í sveitinni.

Heimsókn frá BÍS

4. nóvember komu fulltrúar stjórnar og félagaráðs BÍS í heimsókn og hitta fyrir félagsráð Vífils. Farið í gegn um sjálfsmatskerfi fyrir skátafélög og spurt hvað BÍS geti gert fyrir okkur. Félagið fékk fyrstu einkunn.

Jólabingó

Hið árlega jólabingó skátafélagsins var haldið þriðjudaginn 24. nóvember kl. 18:00. Bingóið var í umsjón drekaskátasveitarinnar Furðufugla og gekk afar vel. Mikið úrval var af veglegum vinningum. Að venju var góð aðsókn að bingóinu og í hléi voru seldar pizzur og gos. Ágóði af bingóinu og veitingasölunni rann til stofnunar barnaheimilis í Nairobi í Kenýu.

DESEMBER

Jóla kvöldverður

Árlegt jólaboð Vífils var haldið fimmtudaginn 15. Desember þar sem boðið var boðið heiðursfélögum, foringjum, virkum baklandslíðum, mökum og öðrum góðum gestum t.d. embættismönnum hjá Garðabæ, rútubílstjóranum okkar og fleirum. Gospelkór Jóns Vídalíns kom og söng nokkur lög við góðar undirtektir. Björn Hilmarsson flutti sinn annálaða annál og skemmti gestum. Menn tóku hraustlega til matar síns og yfirgáfu samkvæmið í jólaskapi.

3.5 Heimsmót skáta í Japan

Glæsilegur hópur af Víflum lagði af stað í langt ferðalag á Heimsmót skáta í Japan þann 24. júlí. Ferðalagið á mótssvæðið tók c.a. 35 klukkustundir og var hópurinn því mjög þreyttur þegar hann kom loks á leiðarenda. Flogið var frá Keflavík til London, frá London til Hong Kong, þaðan til Taipei og loks til Fukuoka í Japan.

Fyrstu tveir dagarnir fóru að mestu í það að kynna sér svæðið og venjast hitanum sem var talsvert hærri en við þekkjum heima á Íslandi, eða um og yfir 40 gráðu hiti og mikill raki.



Á mótinu voru samankomnir um 33.000 þátttakendur frá 144 löndum og hafa Víflarnir því fengið að kynnast jafnöldrum frá hinum ýmsu löndum og frábært var að sjá hvað allir urðu góðir vinir þrátt fyrir mjög ólíka menningarheima og bakgrunn. Heimsmótið var haldið í 23. sinn og var þema þess „WA“ sem þýðir samheldni eða eining.

Það er mikil áskorun að taka þátt í svona stórum viðburði og krefst þess að allir geti verið vinir. Skátarnir búa í þéttri tjaldbúð þar sem friður, samvinna og skemmtun ræður ríkjum. Skátaandinn nær yfir fjölmörg lönd þrátt fyrir mismunandi menningarheima og trúarbrögð. Flestir eignast lífstíðarvini og þeir sem hafa tekið þátt í Heimsmóti segja það vera ógleymanlega og einstaka upplifun.

Japan er mjög framandi land og þurftu skátarnir okkar að undirbúa sig vel fyrir ferðina. Auk þess að búa í tjaldbúðinni voru skátarnir í heimagistingu í tvær nætur á japönskum heimilum í Yokohama sýslu að mótinu loknu.

Þátttakendur fóru í mjög í fjölbreytta dagskrá t.a.m. vatnadagskrá, náttúruskoðun, vísindaporp þar sem þau kynntust m.a. tækninýjungum frá Toyota, Canon, Honda og ýmsum fleiri

fyrirtækjum, enda eru Japanir þekktir fyrir hinar ýmsu uppfinningar. Einnig fengu þau að kynnast menningu Japana með því að heimsækja grunnskóla og fyrirtæki í nálægum bæjarfélögum. Það sem helst stóð upp úr er heimsókn til Hiroshima sem farin var til að skoða safn sem hýsir minjar frá hinni hörmulegu árás sem gerð var á borgina fyrir nákvæmlega 70 árum síðan, 6. ágúst 1945 kl. 8.15. Skátarnir tóku þátt í mínútu þögn á mótssvæðinu til að votta fórnarlömbum árásanna virðingu. Eftir heimagistinguna tók við ferðalag að fjallinu Mount Fuji og að lokum var farið til Tókýó.

Það er mjög kostnaðarsamt að taka þátt í Heimsmóti enda um langan veg að fara að þessu sinni. Skátarnir og fjölskyldur þeirra lögðu mikið á sig til þess að safna fé til ferðarinnar og vilja þau þakka öllum þeim sem hafa stutt þau á einn eða annan hátt. *Sajonara*

3.6. Heimsókn til Devon

Sjö skátar úr Vífli fóru í 26 manna hópi til Bretlands á skátamót dagana 23. júlí til 8. ágúst 2015. Ferðin var farin að frumkvæði Vífils og voru fararstjórar þau Atli Bachmann og Vigdís Bkörk Agnarsdóttir. Í hópnum voru skátar úr skátafélagi Borgarness, Svönum og Fossbúum. Á leið á skátamótið í Devon var komið við í Poole, á Brownsea eyju sem er vagga skatahreyfingarinnar og til Plymouth. Mótið sjálft stóð yfir 25. Júní til 1. júlí. Á mótinu skiptust á skin og skúrir og fengu skátarnir heldur betur að reyna á sig. Aðbúnaður allur var góður og gestrisni heimamanna einstök. Þau tóku þátt í alls kyns ævintýrum og leystu margar þrautir. Tóku þátt í flekasmíði og kappsiglingu, karnivali, hittu rauða íkorna og páfugla. Þau fóru í vatnasafari, paintball, sirkusrólu, *fol*, bogfimi og herþjálfun og þannig mætti lengi telja.

Eftir mótið var förinni heitið í pílagrímsferð í Gilwell Park. Þangað var ævintýrlegt að koma og er heimsóknin mjög eftirminnileg. Að sjálfsögðu gafst tækifæri til þess að líta við í eins og einni eða tveimur verslunum í London. Hópurinn er afar ánægður með ferðina og er reynslunni ríkari. Þau eignuðust nýja vini og kynntust sjálfum sér á nýjan hátt.

Sérstaklega ánægjulegt er hversu vel ferðin tókst og það að nokkur skátafélög lögðust á eitt til þess að veita skátunum sínum tækifæri til upplifunar.



4 Skýrslur skátasveita

Starfið í skátasveitunum er mjög fjölbreytt og byggist á vikulegum fundum sveita og flokka. Skátastarfinu er skipt í aldurstig sem miðast við 7 – 22 ára aldurinn. Sveitarforingjar eru 18 ára eða eldri og aðstoðarforingjar 16 ára og eldri. Hverri sveit er síðan skipt í flokka og er flokksforingi settur yfir hvern flokk. Allar sveitir eru kynjablandaðar og vinna strákar og stelpur saman.

Unnið hefur verið að því að fastsetja fundartíma sveitanna milli ára til að gera foreldrum og skátum auðveldara um vik við skipulagningu tómstundastarfs. Vegna fjölgunar í fálkaskátum þurfti að tvískipta þeim og gekk það upp vegna þess hve margir foringjar voru tilbúnir til þess að vinna með krökkunum. Framan af vetri var mjög ójafn fjöldi í fálkaskátasveitunum en það hefur lagast. Fastir fundartímar eru:

Drekaskátar 7-9 ára	þriðjudagar kl. 17:00
Fálkaskátar 10-12 ára	miðvikudagar kl. 17:00
	fimmtudaga kl. 17:00
Dróttaskátar 13-15 ára	mánudagar kl. 20:00
Rekkaskátar 16-18 ára	fimmtudagar kl. 20:00
Róverskátar 19-22 ára	eftir samkomulagi

4.1 Drekaskátar 7-9 ára

Drekaskátastarfið gekk mjög vel á síðastliðnu ári og voru drekaskátar talsins. Á vorönn voru Urður Björg og Jón Egill sveitarforingjar og Laufey og Christa aðstoðarsveitarforingjar. Meðal annars þá voru búnir til bátar sem siglt var á læknum, farið í fjöruferð og æfingar teknar í að tjalda. Vorönninni lauk með skemmtilegri ferð á drekaskátamót á Úlfjótavatni.



Drekarnir með gula klútinn sinn

Í haust byrjuðu 15 krakkar og í lok árs voru þeir orðnir 20. Að meðaltali eru 18 krakkar að mæta. Frá haustinu voru sveitarforingjar Christa og Eva Lára en aðstoðarsveitarforingjar eru Guðbjörg Lilja og Huldar. Í lok árs hætti Eva Lára og kom Kristín Helga í hennar stað. Dagskrá haustannar hefur mótagast af áhuga og vilja barnanna. Meðal annars var farið í *geocaching* með ruslatínslu á heimleiðinni, bundnir hnútar með lakkrísreimum, klifrað á

klifurvegg, tekið þátt í *Jól í skókassa*, brjóstsykursgerð og annað skemmtilegt. Fyrir ágóða hins árlega jólabingós völdu krakkarnir að styrkja barnaheimili sem íslensk kona ásamt sænskri vinkonu sinni er að setja á laggirnar í Naírobi Kenýu.

skátakveðja
Christa drekatemjari



Ævintýri fálkaskáta

4.2 Fálkaskátar 10-12 ára

Haustið 2015 voru fálkaskátar, alls 41, í tveimur sveitum. Önnur sveitin fundaði á miðvikudögum og hin á fimmtudögum. Skátar geta valið hvorn daginn þeir mæta. Sú staða kom þó upp að loka þurfti sveitinni á miðvikudögum vegna fjölda og jafna hann út. Eins og undanfarin ár voru skátar af báðum kynjum í sveitunum.

Á miðvikudögum voru fimm foringjar, Fanndís Eva, Halldór Fannar, Birna, Hjalti og Arnar Breki.

Á fimmtudögum voru þrír foringjar Hjördís Þóra Elíasdóttir og Kristín Helga Sigurðardóttir ásamt Arnari Breka sem færði sig svo yfir á miðvikudaga og kom þá Anna Margrét Þorsteinsdóttir inn í hans stað.

Fálkaskátar á miðvikudögum

Í fálkaskátum árið 2015 voru margir flottir krakkar sem gerðu starfið skemmtilegt og krefjandi. Á vorönninni á miðvikudögum voru um 20 krakkar, jafn margir strákar og stelpur.

Margt skemmtilegt var á dagskrá. Það var grillað, farið út í leiki, búnar til grímur úr gifsi, farið á skauta, í sund, klifrað og sigið í Öskjuhlíðinni og farið í útileiki þar í kring.

Sveitarútilega var farin í útilegu í Skorradal 17.-19. apríl og var þar mikil gleði. Báðar sveitarnar fóru saman, farið var í kynningarleiki og fjöruferð. Ákveðið var að fara í fjallgöngu og tóku krakkarnir vel í það. Fjallangan tók um það bil 4 klukkustundir og var mikill snjór á leiðinni. Stoppað var annað slagið til að leika sér og renna í snjónum.

Þegar við komið var niður var farið í í fjöruna og gætt sér á kexi og ávöxtum. Sumir lögðu það á sig að fara ofan í vatnið með tærnar.

Vormót Hraunbúa var haldið af Hraunbúum í Krýsuvík og tóku tíu Víflar þátt á mótinu. Dagskráin var þétt og skemmtileg og veðrið var æðislegt.

Krakkarnir mættu á föstudagskvöldi og tjölduðu tjöldunum og komu sér fyrir og mótið var sett. Farið var í *Flyfox*, Arnarfellsgöngu, eldað yfir opnum eldi, búin til skemmtiatriði. Um kvöldið var skemmtileg og flott kvöldvaka, sungið, hlegið og skemmt sér. *Að hafa gaman* var einkunnarorð mótsins og það tókst svo sannarlega.

Haustið 2015 byrjaði svo sannarlega með krafti, 24 börn mættu á fyrsta fundinn og var farið út í leiki og niður í fjöru að skoða sem þar finnst. Týndir steinar og búið til spil, til að kynnast nýju krökkunum sem mættu nýju foringjunum.

Dagskráin var sett upp öðruvísi þessa önn en áður hefur verið. Valið var fyrir alla fundina í einu og gekk það vel. Þemun þetta árið voru *indjánar*, *spæjarar* og *jólapema*. Í indjánapemanu var margt skemmtilegt brallað, meðal annars búnir til draumafangarar, Indjánaandlitsmálun og búinn til ís.

Í spæjarapemanu var gerður skjöldur, búin til kerti, útbúin spæjara einkenni og krakkarnir gerðu stuttmynd um spæjara. Í jólapemanu var unnið að samfélagsverkefni sem er enn í vinnslu. Krakkarnir fengu piparkökur og mandarínur með verkefninu. Auðvitað var hlustað á jólatónlist með.

Félagsútilegan var svo auðvitað á sínum stað og mættu margir fálkar í hana, hún var í Vindáshlíð. Sjóráningjar spiluðu stórt hlutverk þessa helgi og var mikið gert tengt þeim, tálgað, búnir til sjóræningjaleppar, farið í leiki, vinabönd gerð og sönglög tengd sjóræningjum. Krakkarnir völdu sér göngu til að fara í og flestir fálkarnir völdu að fara niður í réttirnar og var það skemmtileg ganga, farið var í leiki í réttunum og borðað kex. Fálkaskátar voru hæstánægðir með félagsútileguna og fóru glaðir heim.

Innilega var svo haldin í Jötunheimum og mættu um 20 fálkaskátar. Æfðir voru skátasöngvar, dansað, farið í innileiki, búnir til molar, borðaður góður matur og allir skemmtu okkur mjög vel.



Tálgað í útilegu

Fálkaskátar á fimmtudögum

Um það bil 20 til 25 krakkar voru skráðir í fimmtudagshópin á vorönninni. Krakkarnir völdu dagskrá í samræmi við þemu. Eitt af uppáhaldsverkefnum skátanna var að elda eða baka. Einnig var farið var í útilegu í apríl í Skorradal.

Á haustönninni voru 8 krakkar skráðir, tveir strákar og sex stelpur. Eftir áramót fjölgaði í 11. Krakkarnir hafa gert marga skemmtilegt. Farið í samlokuleikinn, sund og skreytt piparköku hús. Það eftirminnilegasta sem þau gerðu var að fara í Kringluna á einum góðum fundi í desember og setja jólagjafir undir jólatré á vegum *Mæðrastyrksnefndar*. Allar gjafirnar voru eitthvað sem krakkarnir komu sjálf með að heiman, meðal annars dót og flíkur sem þau höfðu ekki not fyrir. Eftir að hafa pakkað inn síðustu gjöfinni og sett hana undir tréð fengu krakkarnir heitt súkkulaði og kleinuhring í boði félagsins á *Dunkin Donuts*.

Fyrir áramót þá völdu krakkarnir dagskrána fyrir alla önnina án þess að hafa ákveðin þemu. Krakkarnir höfðu þó áhuga á að vinna eftir þemum og vildu frekar velja fyrir aðeins 3-4 fundi í einu og farið var eftir því.

Fálkaskátaforingjar



Jól í skókassa



4.3 Dróttskátar 13-15 ára – DS. Rúbix

Á vorönninni voru fjórir foringjar, Eyrún Ósk Stefánsdóttir, Ingólfur Árnason, Arnar Páll Jóhannsson og Salbjörg Kristín Sverrisdóttir. Skátarnir voru tæplega 25 talsins og starfað var í fjórum flokkum þar sem 5-8 manns voru í hverjum. Dagskrárhringjafyrirkomulagið var í fullu gildi þar sem sveitarfundir voru haldnir reglulega og krakkarnir fengu að ráða hvað gert var á flokksfundum.

Farið var í útilegu í *Bæli* í upphafi árs þar sem skátarnir renndu sér á sleðum og fóru í göngu. Krakkarnir tóku þátt í ýmsum viðburðum á vegum BÍS svo sem *Skátapepp*. Haldinn var vinafundur með Fossbúum á Selfossi. Dróttskátasveitin í Fossbúum kom í heimsókn í Jötunheima. Farið var á Landnemamót í júní og var virkilega vel mætt frá okkur.

Á haustönn voru þrír foringjar *Skyttunnar þrjár*, Arnar Páll Jóhannsson, Jón Egill Hafsteinsson og Salbjörg Kristín Sverrisdóttir. Krakkarnir voru um það bil 20 talsins og skipt var í þrjá flokka. Prófað var að hafa lengri dagsskrárhingi. Hafðir voru tveir hringir þessa önn til reynslu og til að sjá hvort það virkaði betur. Farið í vígsluútilegu í Vífilsbúð. Skátarnir löbbuðu frá skátaheimilinu að Vífilsbúð en þegar þangað var komið var farið í leiki og slakað á. Þar fengu nokkrir klútana sína og ný merki. Nokkrir af skátum sveitarinnar aðstoðuðu við afhendingu forsetamerkisins á Bessastöðum. Þar stóðu þeir heiðursvörð og aðstoðuðu við veitingu merkisins. Skátarnir fjölmenntu í félagsútileguna í Vindáshlíð og sáu dróttskátar um dagskrá á sunnudeginum.

Dróttskátaforingjar



Íbyggjar á Bessastöðum

4.4 Rekkaskátasveitin RS. Islandus



Forsetamerkishafar 2015

Vorönn - janúar til maí.

Fundir voru alla fimmtudaga, með fjölbreyttri dagskrá, bíókvöld, spilakvöld, útiöldun, og inniöldun, dagsferð, Leiðtoga vítamín. Gönguæfingar voru haldnar með Dróttskátum, sumardagurinn fyrsti og *Star wars* maraþon. Sjö skátar úr sveitinni kláruðu Gilwell, og haldin var árshátíð í lok maí.

Sumarstarf - júní til ágúst.

Fundir voru alla fimmtudaga, Þjóðhátíðardagurinn og undirbúningur. Farið var á Landnemamót í Viðey með dróttskátum. Í júlí fóru fimm skátar úr sveitinni á skátamót í Englandi, og fjórir skátar á Jamboree í Japan. Ágúst mánuður fór svo í að klára frágang á dagbókum og umsóknum fyrir forsetamerkið. Einnig fóru tveir skátar úr sveitinni á Gilwell í lok ágúst.

Haustönn - september til desember

Fundir voru alla fimmtudaga, Leiðtogavítamín, byrjað var á skikkjum, bíókvöld, Bogfimisetrið heimsótt, spilakvöld, perla, JOTA – JOTI, 13 tóku á móti forsetamerkinu 11. október, og jólafundur var haldinn í desember.

Atli B. Bachmann, sveitarforingi



Í Bessastaðakirkju

4.5 Róverskátar RS. Fönix 19-22 ára



Starfið í Róversveitinni byrjaði í september 2015 og hefur verið hist nokkuð reglulega síðan á miðvikudögum. Helstu dagskrárliðir eru að hittast og spjalla. Á dagskrá er að vinna að smá verkefnum fyrir Landsmótið 2016 ofl. Sveitin tók þátt í félagsútilegu og öðrum dagskrárliðum á vegum félagsins.

Atli B. Bachmann.

5 Skýrslur fastanefnda

5.1 Húsnefnd

Starfsárið 2015-2016 voru eftirtaldir í húsnefnd Vífils: Jóhann S. Erlendsson, Brynjar Bjarnason, Sverrir Magnússon og Björn Hilmarsson

Líkt og fyrri ár komu margir aðilar nefndinni til aðstoðar og eru þessir sérstaklega nefndir: Atli B. Bachmann, Trausti Sigurðsson, Magnús Jökull og Hjálmar. Einnig Halldór, Hjalti o.fl.

Sem fyrr er það staðföst trú Húsnefndar að það sé ómetanlegt að hafa allar þessar hjálparhendur og er þeim ásamt fjöldamörgum öðrum þakkað fyrir þær fjölmörgu klukkustundir sem fóru í nefndarstörfin.

Verkefni Húsnefndar eru fjölbreytt:

Eins og venjulega verður hér stiklað á stóru varðandi verkefni nefndarinnar og má segja að skálamál hafi verið töluvert á dagskrá.

Janúar: Skoðunarferð við Grunnuvötn – Nýr staður fyrir Vífilsbúð

Framtíðarsvæði nýrrar Vífilsbúðar var skoðað við Grunnuvötn. Bæði syðra og nyrðra.



Vinnuferð í Vífilsbúð.

Tekin voru mál og næsta vinnuferð undirbúin. Ótrúleg breyting er á landslaginu við skálann.



Mars: TTH, málað og tekið til:

Félagsaðstaðan var máluð og hreinsuð. Planið úti var spúlað og tekið til hendinni.



Apríl: Árshátíð Húsnefndar.

Þau nýmæli urðu að Árshátíð Húsnefndar var haldin í Lynghæð. Mest á óvart kom sérútgáfa *Garðapóstsins* sem formaður Húsnefndar mun endurgjalda síðar.



Apríl: TTH í Vífilsbúð.

Sérstök skálaferð var farin þar sem gerðar voru úrbætur skv. fyrirmælum frá Eldvarnareftirlitinu vegna brunavarna. Löguð voru ljós, settur upp brunastigi og nýir samtengdir reykskynjarar.



Maí: Óvissuferð Vífils.

Kannski ekki beint í umsjá Húsnefndar en Húsnefndarmenn komu sterkir inn!



Maí: Tiltektardagar við Jötunheima Vífils.

Allir flokkar og sveitir tóku höndum saman á árlegum tiltekt með umhverfisnefnd bæjarins. Skreytt jólatré vakti sérlega lukku, sem og kandíflos og grillaðar pylsur. Mikið rusl var tínt í nágrenni skátaheimilisins.



Maí: Vinnudagur í Vífilsbúð.

Handrið við pallinn var lagað, kamarinn lagfærður, ljósin löguð og skipt um slökkvitæki o.fl. Sérlega gaman er hvað ungir Húsnefndarmeðlimir komu sterkir inn!




Vor og sumar 2015 : Endalaus tiltekt hjá sumarstarfsfólki.

Sem fyrr var okkar frábæra sumarstarfsfólk sífellt að taka til og ganga frá. Ótrúlega vel var gengið frá eftir sumarstarfið - **Bestu þakkir fyrir!**




Haust: Unnið að teiknivinnu fyrir lyftuhús.

Mælt upp og skoðað fyrir nýtt lyftuhús. Nýr arkitekt kominn í málið. Rís loks á árinu 2016!



Október: TTH – Hús og skúr.

Húsnefndin mætti til leiks og tók til í skúrnum og víðar. Borð voru pússuð og farið yfir teikningar að lyftuhúsinu.



Desember: Auðvitað var málað !

Aldrei þessu vant fékk Húsnefnd að mála fyrir jólin og var tekið hressilega á því og málaður gangurinn niðri og alla leiðina upp. Vaskir málara og eftir því tekið – en því miður náðist það ekki á mynd !

Lokaorð:

Á árinu 2015 voru einnig ýmsar aðrar annir hjá Húsnefnd við hin ýmsu störf í húsinu og voru ekki allar aðgerðir auglýstar opnar gestum. Sífellt var t.d. skipt um perur og hurðir lagaðar og karmar festir ásamt fleiru.

Aðeins inn á árið 2016:

Nú stefnir loks í undirbúning á viðbyggingu með lyftu í anddyrinu. Þetta mun bæta aðstöðu okkar en jafnframt verður erfitt tímabil á meðan á framkvæmdum stendur. Brýnum fyrir öllum að það verkefni þarf að ganga vel og skemmtilega eins og önnur í húsinu !

**Að lokum minnir Húsnefnd félagi í Vífli að ganga vel um húsið –
enda eigum við það sjálf!**

Með kveðju frá Húsnefnd og þakklæti fyrir samstarfið.

Björn, Brynjar, Jóhann, Sverrir.

Sem og: Atli, Trausti, Magnús Jökull, Hjálmar o.fl. o.fl.

5.2 Skálanefnd

Formlegt starf skálanefndar fór ekki fram á árinu. Baklandið sá um skálann og er unnið að því að skipa skálanefnd og skálastjóra.

5.3 Fræðslu- og kynningarráð

Þessi nefnd var óvirk sl. ár.



Kátir karlar

6 Sumarstarf Vífils


Sumarnámskeiðin gengu afar vel þetta sumar og var þátttaka mjög góð. Á sum námskeiðin komust færri að en vildu og þá sérstaklega smíðanámskeiðin. Fjölbreytt dagskrá var í boði og mikið ferðast um á hjóli eða með strætisvagni. Mikil ánægja er meðal foreldra og barna og njóta námskeiðin trausts og virðingar.

Skiptingu barna á námskeiðin má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Tegund námskeiðs	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi þátttakenda 2014
Grallaranámskeið fyrir 5-6 ára	3	35	49
Ævintýranámskeið fyrir 7-10 ára	8	168	214
Útlífsnámskeið fyrir 10-12 ára			14
Smíðanámskeið	6	181	192
Alls	18	384	446

Fjöldi námskeiða og þátttakenda

Ártal	Vikur alls	Fjöldi barna
2015	8	384
2014	8	446
2013	8	388
2012	8	411
2011	8	507
2010	7	441
2009	9	276
2008	8	374
2007	10	469
2006	9	466
2005	?	377



Hellaskoðun

Á engan er hallað þegar sagt er að umsjónarmenn námskeiðanna Hervald og Kristín Ósk stóðu sig frábærlega vel og höfðu sér til fulltingis reynslumikinn og þéttan starfsmannahóp. Thelma

Rún var með í sumarbyrjun og undirbúningi og síðan tók Kristín Ósk við af henni. Margir voru í starfi annað sumarið sitt og nokkrir í þriðja sinn sem er mjög gott og skapar ákveðinn stöðugleika. Alls voru 28 starfsmenn og þar af 19 eldri en 16 ára úr sumarátaki Garðabæjar. Níu starfsmenn komu úr vinnuskólanum og voru á 16 ári. Vel tókst að sinna börnum sem þurftu aukastuðning auk þess sem félagsþjónustan útvegaði sérstakan stuðning við þau börn sem þess þurftu.

Starfsmenn sóttu námskeið í byrjun júní. Það voru skyndihjálparnámskeið og leikjanámskeið á vegum BÍS, Verndum þau á vegum *Barnaverndarstofu* og nokkrir sóttu sérstakt sundvarðanámskeið á vegum íþróttafulltrúa Garðabæjar. Forstöðumenn héldu starfsmannagleði þrisvar sinnum yfir sumarið og jók það á samheldni og ánægju starfsmanna.

Innheimta námskeiðsgjalda gekk mjög vel þetta sumar enda fast haldið utan um. Haft var samband við þá sem ekki höfðu greitt á þriðjudegi og brugðust menn mjög vel við því. Greiðslukerfið á vegum BÍS hentar ekki fullkomlega og þarfnast úrbóta. Vonir standa til þess að nýtt kerfi verði tekið í notkun fyrir næsta sumar, NÓRI sem mörg íþróttafélög nota.

Efnisöflun gekk vel en nú orðið þarf að mestu leyti að kaupa inn efni. Góðir samningar hafa þó náðst og nýtur félagið velvilja nokkurra kaupmanna sem sjá því fyrir hentugu efni á mjög góðu verði.

Í lok sumars skiluðu umsjónarmenn mjög greinargóðri skýrslu sem inniheldur margar ábendingar um það sem gekk vel og hvað gera má betur. Hún mun nýtast vel við undirbúning næsta sumars.

Bestu kveðjur frá Vífli!

Garðabæ 24. febrúar 2016

Hafdís Bára Krístmundsdóttir
félagsforingi



Markmið Vífils 2016-2017

Markmið

Krefjandi og skemmtilegt skátastarf Áskoranir og útilíf, öflug leiðtogaþjálfun

- Skila gæðastarfi sem er til eftirbreytni
- Leggja áherslu á innra starf félagsins og að allir fái notið sín
- Standa vel að föstum viðburðum sem fyrr
- Auka fjölbreytni í starfi sveita og flokka
- Meira útilíf – fleiri áskoranir
- Áfram sumarnámskeið
- Fara á Drekkaskátamót
- Mæta á Viðeyjarmót
- Nota meira skátabúninginn – einkenni okkar
- Styrkja foringjana - foringjaþjálfun
- Fræða foreldra
- Efla vefinn og fréttamiðlun
- Auka umhverfisvitund – grænt skátafélag
- Virkja umhverfisstefnu
- Virða styrka fjármálastjórnun
- Byggja lyftuhús
- Viðhalda og endurbæta húsnaði
- Taka til hendinni
- 10 -12 skátar taki við forsetamerkinu haustið 2016
- Fjölga Baklandsviðburðum
- Vera sýnileg í bæjarfélaginu
- Vífilsbúð
- Gera eignarskrá
- Undirbúa 50 ÁRA AFMÆLIÐ 2017

Samþykkt á aðalfundi 24. febrúar 2016
Hafdís Bára Kristmundsdóttir
félagsforingi